

Mánudaginn 6. júní 1983.

Nr. 129/1980. **Póst- og símamálastofnun**

(Guðmundur Markússon hrl.)

gegn

Arnþóri Þórólfssyni

(Ragnar Steinbergsson hrl.).

Opnberir starfsmenn. Sýknað af skaðabótakröfu vegna fjárvörslu. Löghaldsgerð úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr og Guðmundur Jónsson og Gaukur Jörundsson og Guðmundur Skaftason, settir hæstaréttardómarar.

Bogi Nilsson, sýslumaður Suður-Múlasýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. ágúst 1980. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 8.419.94 krónur með 13% ársvöxtum frá 21. júlí 1975 til 20. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 20. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 31. maí 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 31. ágúst s. á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981 og 34% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi þess, að staðfest verði löghaldsgerð, sem fram fór hinn 8. nóvember 1977 í fasteign stefnda að Heiðarvegi 1 á Reyðarfirði til tryggingar greiðslu framangreindra fjárhæða. Loks krefst áfrýjandi þess, að stefndi verði dæmdur til þess að greið honum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum áfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi fyrir Hæstarétti.

Í munnlegum flutningi máls þessa fyrir Hæstarétti kom fram, að opinbert mál hefur ekki verið höfðað gegn stefnda eftir þá rannsókn, sem í málinu greinir.

Af gögnum málsins er ljóst, að óregla hefur verið á fjármálum póst- og símstöðvarinnar á Reyðarfirði á þeim tíma, sem máli skiptir. Á hinn bóginn er ekki sannað, að áfrýjandi hafi beðið fjár-

hagslegt tjón af þessum sökum, en gögn þau, sem færð hafa verið fram af hans hálfu tjóni sínu til sönnunar, eru um margt ófullkomin. Samkvæmt því og að öðru leyti með vísan til forsendna hina áfrýjaða dóms, sem ekki hefur verið gagnáfrýjað, ber að staðfesta hann.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 10.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Póst- og símamálastofnun, greiði stefnda, Arnþóri Þórólfsyni 10.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þesum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómpings Suður-Múlasýslu 8. maí 1980.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 15. apríl sl., höfðaði Jón Skúlason póst- og símamálstjóri hér fyrir dómnum með stefnu, birtri 8. nóvember 1977, á hendur Arnþóri Þórólfsyni, Heiðarvegi 1, Reyðarfirði, til greiðslu á kr. 841.994 með 13% ársvöxtum frá 21. júlí 1975 til greiðsludags auk alls málskostnaðar eftir mati dómsins.

Þá krafðist stefnandi staðfestingar á löghaldsgerð, sem fram fór hinn 8. nóvember 1977 í fasteign stefnda að Heiðarvegi 1, Reyðarfirði.

Við munnlegan flutning málsins krafðist stefnandi 13% ársvaxta frá 21. júlí 1975 til 20. nóvember 1977, 16% ársvaxta frá þeim degi til 20. febrúar 1978, 19% ársvaxta frá þeim degi til 31. maí 1979, 22% ársvaxta frá þeim degi til 31. ágúst 1979 og 27% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi krafðist sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómara.

Með stefnu, útgefinni 25. janúar 1978, höfðaði stefndi, Arnþór Þórólfs-son, gagnsök á hendur aðalstefnanda til greiðslu á kr. 2.698.150 auk vaxta, eins og nánar verður lýst, og málskostnaðar að mati dómara. Gagnstefnandi krefst 13% ársvaxta af kr. 1.000.000 frá 2. desember 1975 til 20. nóvember 1977, 16% ársvaxta frá þeim degi, en af kr. 2.698.150 frá útgáfudegi stefnu, 25. janúar 1978, til 20. febrúar s. á., 19% ársvaxta frá þeim degi til 31. maí 1979, 22% ársvaxta frá þeim degi til 31. ágúst 1979 og 27% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags.

Gagnstefndi krafðist sýknu af kröfum gagnstefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómara.

Sáttatilraunir báru ekki árangur.

II.

Aðalsök.

Stefnandi lýsir atvikum svo í stefnu, að stefndi hafi veitt póst- og símstöðinni á Reyðarfirði forstöðu allt fram á mitt ár 1975, er honum hafi verið vikið úr starfi, m. a. vegna ætlaðrar óreiðu á sjóði símstöðvarinnar. Samkvæmt skýrslu endurskoðenda hafi vantað kr. 841.994 í sjóð stöðvarinnar, sem er sú fjárhæð, sem krafið er um í málinu.

Hinn 8. nóvember 1977 var húseign stefnda, Heiðarvegur 1, Reyðarfirði, kyrrsett að kröfu stefnanda til tryggingar stefnufjárhæðinni.

Samkvæmt gögnum málsins var stefndi ráðinn til þess hinn 17. ágúst 1967 að vera stöðvarstjóri Pósts og síma á Reyðarfirði frá 1. september 1967. Með bréfi, dagsettu 8. september 1975, veitti póst- og símamálastjórnin stefnda lausn frá starfi um stundarsakir og tilkynnti jafnframt, að óskað yrði eftir opinberri rannsókn á máli hans.

Ástæður voru tilgreindar þessar: „Þér hafið ekki fylgt settum reglum um rekstur stöðvarinnar, þrátt fyrir marg ítrekuð fyrirmæli þar um. Bókhald stöðvarinnar hefur verið í ólagi, regluleg sjóðsuppgjör (kassauppgjör) hafa ekki farið fram, innheimta hefur verið í verulegu ólagi og varð t. d. að ganga í innheimtu af endurskoðun og umdæmisstjóra í marz 1973. Þá kemur fram við sjóðstalningu 21. júlí 1975 veruleg sjóðsvöntun samkvæmt bókhaldsgögnum stöðvarinnar. . .“

Hinn 13. október 1975 hófst sakadómsrannsókn í málinu eftir kröfu eða kæru póst- og símamálastjóra. Hafa öll gögn opinbera málsins verið lögð fram í þessu máli, og samkvæmt þeim er opinbera málinu enn ekki lokið, en með bréfi, dagsettu 2. desember 1975, tilkynnti póst- og símamálsstjórnin stefnda, að dómsrannsóknin hefði leitt í ljós ýmsar yfirsjónir og vanrækslu í starfi, þess eðlis, að ekki væri rétt, að hann gegndi áfram starfi stöðvarstjóra Pósts og síma. Var honum sagt upp starfinu frá dagsetningu bréfsins að telja.

Í málinu liggja fyrir þrjú reikningsuppgjör og skýrslur um talningu á sjóði póst- og símstöðvarinnar á Reyðarfirði frá árinu 1975.

Fyrsta skýrsla er um talningu, sem gerð var dagana 4. og 5. apríl 1975. Talningu framkvæmdi Sveinn Arason og Sigurþór Jóhannsson, starfsmenn ríkisendurskoðunar.

Niðurstaða uppgjörnsins varð sú, að umfram í sjóði væru kr. 1.028.586.88, og fannst engin skýring á mismuninum.

Í skýrslu endurskoðendanna segir m. a.: „Engin sjóðbók er færð né

heldur dagbók. Færðar eru bækur yfir inn- og útborganir póstávísana. Inn- og útborguð giró eru færð í þar gerðar bækur. Auk þessa skráir gjaldkeri í kladdabók heildar inn- og útborganir hvers dags sundurliðað eftir tegundum. Þó var innborgað orlof ekki fært í þessa bók í marz. . .“

Næsta reikningsuppgjör var gert 2. til 9. júní, og framkvæmdi það Engilbert Sigurðsson, starfsmaður Póst- og símamálastofnunar, en fyrstu dagana vann Sveinn Arason, starfsmaður ríkisendurskoðunar, með honum að uppgjörinu.

Í fyrstu virtust vera kr. 1.107.861.80 umfram í sjóði stöðvarinnar, en síðar komu fram nokkur atriði, sem áhrif höfðu á niðurstöðuna, og gerði Engilbert þá annað sjóðuppgjör. Taldist honum þá til, að umfram í sjóði væru kr. 17.026, sem ekki var í samræmi við niðurstöðu fyrra uppgjörins og gerðar breytingar. Í skýrslu hans segir: „Samkvæmt þessu áleit ég, að útkoman í seinna uppgjörinu hefði átt að vera um 280 þúsund krónur umfram og hefi ég enga skýringu fundið á því, hvers vegna útkomurnar á þessum tveim uppgjörum eru svo mismunandi. . .“

Við síðara uppgjör, sem vikið verður nánar að hér á eftir, var talið koma í ljós, að vanfærðar höfðu verið til tekna kr. 244.252, en hefði sú færsla verið gerð fyrir 2. júní, ætti mismunur við uppgjör þá að hafa verið kr. 54.771 umfram í sjóði.

Þetta uppgjör, sem síðast var vikið að, var gert 20. til 24. júlí, og var miðað við 21. júlí. Unnu að uppgjörinu áður nefndur Engilbert Sigurðsson, Ari Jóhannesson, sem settur hafði verið stöðvarstjóri Pósts og síma á Reyðarfirði og tók við því starfi 21. júlí, og hinn 24. júlí vann með þeim Ólafur Karlsson, aðalendurskoðandi Pósts og síma.

Skýrslu um uppgjörið undirrituðu Ólafur Karlsson og Engilbert Sigurðsson.

Samkvæmt uppgjörinu nam vöntun í sjóð stöðvarinnar kr. 776.416, en jafnframt er þar getið um tilvik, sem auki þann mismun.

Í skýrslunni segir m. a.: „Eins og áður hefur verið bent á, hefur reikningshald stöðvarinnar verið laust í reipunum. Byrjað var að færa sjóðdagbók í byrjun maímánaðar, en hún reyndist ófullkomin og ekki í samræmi við mánaðarreikninga. Afgreiðslukassa póstafrgreiðslunnar hefur ekki verið haldið aðgreindum frá aðalsjóði, eins og talið er nauðsynlegt, til að hægt sé að gera upp dagleg viðskipti. . .“ Sams konar athugasemdir höfðu komið fram í skýrslu Engilberts Sigurðssonar eftir uppgjörið, sem gert var í júnímánuði.

Þá liggur fyrir skýrsla Engilberts Sigurðssonar, dags. 27. febrúar 1976, um atriði, er breyta niðurstöðu síðastgreinds uppgjör. Í skýrslunni eru gerðar 16 færslur, 7 stefnda til tekna, en 9 honum til gjalda.

Að þessum færslum gerðum er vöntun í sjóð eða skuld stefnda talin vera kr. 841.994.

Fram er komið, að stefndi var viðstaddur, er talning var gerð á stöðinni 4. og 5. apríl 1975. Hann kvaðst hafa leitað til læknis á Egilsstöðum skömmu síðar og hann sent sig strax daginn eftir á sjúkrahús í Reykjavík. Þar hafi hann verið í 3 vikur og hafi hann ekki mátt vinna um nokkurn tíma eftir dvölinu á sjúkrahúsinu. Kvaðst hann ekki hafa komið til vinnu eftir veikindin, heldur byrjað í orlofi hinn 5. ágúst 1975.

Stefndi virðist ekki hafa verið viðstaddur, er uppgjorið í júnímánuði var gert, en hann var til staðar, er byrjað var á uppgjörinu í júlímánuði, en hann hélt á leið til Reykjavíkur, áður en því yrði lokið.

Stefndi kvaðst ekki hafa haft tækifæri til þess að ná sambandi við umdæmisstjóra, áður en hann fór á sjúkrahúsið í aprílmánuði, og minnti, að hann hefði beðið einhvern að gera umdæmisstjóra viðvart.

Fyrir liggur í málinu símskeyti umdæmisstjóra, dags. 21. apríl 1975, til stefnda, þar sem segir: „Yður heimilast að ráða til bráðabirgða Kjartan Arnþórsson til að gegna aðkallandi störfum í veikindaförföllum yðar.“

Á póst- og símstöðinni á Reyðarfirði störfuðu auk stöðvarstjóra þrír tal-símaverðir og einn póstafréiðslumaður, sem sá um daglegan rekstur póst-deildarinnar. Póstafréiðslumaður var Sigríður Eiríksdóttir, eiginkona stefnda. Stöðvarstjórinn er æðsti starfsmaður stöðvarinnar, en næsti yfirboðari hans er umdæmisstjóri Pósts og síma fyrir Austurland, sem hafði aðsetur á Seyðisfirði á þessum tíma. Umdæmisstjórinn hefur eftirlit með einstökum póst- og símstöðvum í umdæminu, og fær hann mánaðarlega reikninga eða skilagrein frá stöðvunum.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi segir, að reikningsuppgjorið, sem miðast við 21. júlí 1975, með viðbótarskýrslunni, dags. 27. febrúar 1976, sé gert og undirritað af opinberum embættismönnum og verði því lagt til grundvallar um sjóðsmismuninn eins og hvert annað embættisvottorð.

Af hálfu stefnanda hefur verið vísað til reglna póst- og símamálastjórnarinnar, dags. 21. desember 1973, um mistalningar og meðhöndlun sjóða hjá starfsfólki Pósts- og síma. Í E lið 3. gr. reglnanna segir, að sjóðstap, sem verði fyrir misferli starfsmanns eða vítavert gáleysi hans, þurfi hann að bera sjálfur, enda sé um að ræða brot í starfi.

Því er ekki haldið fram, að stefndi hafi dregið sér fé úr sjóði stöðvarinnar, heldur verði sjóðmismunurinn rakinn til vanrækslu hans og eftirlitsleysis með starfsemi stöðvarinnar og beri hann því ábyrgð á honum. Jafnvel þótt sjóðsvöntunin hafi orðið til, á meðan stefndi var fjarverandi vegna

veikinda, beri hann ábyrgðina, enda rekstur stöðvarinnar allt að einu á hans ábyrgð.

Stefnandi hefur lagt fram myndrit af tékkum á ávísanareikning símstöðvarinnar við Landsbanka Íslands á Eskifirði, sem sýna, að stefndi gaf út tékka á þeim tíma, sem hann kveðst hafa verið frá vinnu vegna veikinda. Stefndi hafi því ekki haft eins lítil afskipti af starfsemi stöðvarinnar á þeim tíma og hann vilji vera láta.

Af hálfu stefnda er því mótmælt, að skýrsla endurskoðendanna sé opinbert vottorð, enda þeir starfsmenn stefnanda. Bent er á, að stefndi hafi aldrei fengið tækifæri til þess að fara yfir reikningauppgjörið með nauðsynleg gögn við hendina.

Fjárdráttur sé ekki sannaður og reyndar hafi ekki verið reynt að sanna hann. Stefndi hafi verið frá vinnu vegna veikinda frá því snemma í aprílmánuði fram í ágúst mánuð 1975 og hafi hann ekki óhlýðnast fyrir mælum stefnanda á þeim tíma og geti því ekki borið ábyrgð á sjóðsvöntuninni.

Álit dómsins.

Stefndi setur fjárkröfu sína á hendur stefnda fram, eins og hún sé að öllu leyti út af vöntun í sjóð stöðvarinnar. Þó þykir mega og verða að liða hana í tvennt, annars vegar er krafa um endurgreiðslu á umframsímtölum á heimasíma stefnda, kr. 35.071, en hins vegar er krafa út af vöntun í sjóð stöðvarinnar, kr. 806.923.

Umframsímtöl.

Kröfuliðurinn kemur fram í viðbótarskýrslu Engilberts Sigurðssonar, dagsettri 27. febrúar 1976, og greinist þannig:

1). Athugasemd endurskoðunar vegna umframsímtala á heimasíma stöðvarstjóra o. fl.	kr. 18.022
2). Athugasemd endurskoðunar, dags. 25/8 1975, vegna umframsímtala á heimasíma stöðvarstjóra	— 1.527
3). Athugasemd endurskoðunar við októberreikning 1974 og janúarreikning 1975 vegna umframsímtala á heimasíma stöðvarstjóra	— 36.917
	<hr/> Kr. 56.466

Frá dregst:

Athugasemd endurskoðunar, dags. 29 ágúst 1975, vegna umreiknings á gjaldfrjálsum umframsímtölum á heimasíma stöðvarstjóra frá 1. jan. 1974	— 21.395
	<hr/> Kr. 35.071

Um fjárhæðir undir 1. og 2. tölulið hefur stefndi sagt, að hann viti ekki, hvaðan þær séu fengnar, og um fjárhæð undir 3. töluliðnum, að á umræddum tíma hafi stöðvarstjórar almennt fengið hækkun á gjaldfrjálsum umframskrefum úr 1200 í 2500 skref fyrir hverja 3 mánuði. Hafi hann ekki fengið þessa hækkun, en farið fram á leiðréttingu.

Stefndi mótmælti alfarið þessum hluta kröfu stefnanda.

Stefnandi hefur ekki skýrt kröfuliðina nánar þrátt fyrir greind mótmæli stefnda, hvorki með skjölum né munnlegum greinargerðum.

Er kröfuliðurinn ekki studdur viðhlítandi gögnum, og verður að sýkna stefnda af honum.

Sjóðsvöntun.

Af gögnum málsins verður greinilega ráðið, að vanrækt hefur verið á umræddum tíma að halda reglulega þær bækur á símstöðinni á Reyðarfirði, sem halda bar. Vitna greinargerðir endurskoðendanna skýrast um þetta. Endurskoðendurnir framkvæmdu talningu á sjóði stöðvarinnar og gerðu reikninga hennar upp þrisvar sinnum á árinu 1975, eins og að framan er rakið, og í öllum tilvikum kom fram óskýranlegur mismunur á sjóði stöðvarinnar.

Þótt fallist yrði á það með stefnanda, að skýrslur endurskoðendanna séu embættisvottorð eða opinber skjöl, sbr. 153. og 158. gr. laga nr. 85/1936, vitna þau aðeins um sjóðstöðu stöðvarinnar á umræddum tímum miðað við þá fyrirliggjandi gögn. Hins vegar verða þau ekki talin fullnægjandi sönnun um raunverulega stöðu sjóðreikningsins, einmitt vegna þess, hve bækur voru óreglulega haldnar.

Í málinu er fram komið, að stefndi fór á sjúkrahús í aprílmánuði 1975 og fékk leyfi yfirboðara síns til þess að ráða mann til aðkallandi verkefna, eins og það var orðað. Hann hefur haldið því fram, að hann hafi ekki komið aftur til vinnu á póst- og símstöðinni, og hefur þeirri fullyrðingu hans ekki verið hnekkt, þótt sýnt hafi verið fram á, að hann undirritaði nokkrar ávísanir stöðvarinnar í maí-, júní- og júlímánuðum.

Sýnt er, að stefndi vanrækti fyrirskipaðar og lögboðnar bókhaldsfærslur stöðvarinnar, áður en hann leitaði læknis í aprílmánuði, og ber skýrsla starfsmanna ríkisendurskoðunar í þeim mánuði um það glöggt vitni. Eftir gögnum málsins virðist sjóðsvöntun þó ekki koma fram fyrir en við uppgjörið í júlímánuði. Áður hafði óskýranlegur mismunur komið fram við talningu í apríl- og júnímánuðum, sem yfirboðurum stefnda mátti vera um kunnugt, svo og um vanrækslu hans við bókhaldsfærslur, og loks var kunnugt um, að hann varð veikur í aprílmánuði og frá störfum af þeim sökum.

Þegar framanrakið er virt, þykir stefnandi verða að bera hallann af því, að ekki liggja fyrir fullnægjandi gögn um tjón hans, og ber þegar af þeirri

ástæðu að sýkna stefnda af kröfu stefnanda út af vöntun í sjóð stöðvarinnar.

Samkvæmt framanskráðu verður stefndi sýknaður af kröfum stefnanda í aðalsök, en með hliðsjón af öllum atvikum þykir mega ákveða, að málskostnaður falli niður.

III.

Gagnsök.

Gagnstefnandi sundurliðar kröfu sína þannig:

1). Miskabætur	kr. 1.000.000
2). Ógreidd yfirvinna til póstafréiðslumanns	— 648.260
3). Vinna við fjarskiptatæki	— 284.130
4). Húsaleiga með olíu	— 690.000
5). Vinna við stíflað frárennsli	— 68.480
6). Vinna við að lakka hurðir og glugga samkvæmt beiðni	— 7.280
	<hr/>
	Kr. 2.698.150

Um 1. Gagnstefnandi segir m. a., að það hafi komið opinberlega fram og gagnstefndi verið borinn fyrir því, að sjóðþurrð hafi orðið hjá gagnstefnanda og honum vikið frá störfum af þeim sökum. Alls staðar hafi virst gengið út frá því sem vísu, að gagnstefnandi ætti þarna persónulega sök og um fjádrátt hafi verið að ræða og ekkert gert af hálfu gagnstenda til þess að draga úr því álitu manna. Þetta m. m. hafi gert gagnstefnanda illmögulegt að fá vinnu við sitt hæfi og hafi allur málatilbúnaður gagnstefnda valdið honum gífurlegum álitsspjöllum.

Gagnstefndi hefur mótmælt kröfufliðnum og málsástæðum og telur kröfufliðinn ekki studdan lagarökum.

Gagnstefnandi hefur ekki reynt að sanna staðhæfingu sína um, að gagnstefndi hafi verið borinn fyrir því opinberlega, að hann, gagnstefnandi, hafi valdið sjóðþurrð, og ekki verður séð, að aðrar ástæður hafi skapað gagnstefnda skaðabótaskyldu gagnvart gagnstefnanda. Verður gagnstefndi því sýknaður af þessum kröfuflið.

Um 2. Gagnstefnandi hefur lýst því, að kröfufliðurinn sé vegna vangreiddrar yfirvinnu eiginkonu hans, á meðan hann gegndi stöðvarstjórastarfinu. Hann hefur ekki sýnt fram á, að hann hafi forræði yfir kröfunni, og ber þegar af þeirri ástæðu að sýkna gagnstefnda af henni.

Um 3, 5 og 6. Gagnstefnandi kveðst hafa á árunum 1967 til 1973 unnið að viðgerð á „sendum“, en þjónusta þessi hafi ekki verið í verkahring stöðvarstjóra, heldur viðgerðarmanna, sem búsettir hafi verið á Eiðum.

Sendar hafi alltaf verið að bila vegna rafmagnstruflana, en viðgerðarmenn oft ekki komist til viðgerða vegna ófærðar. Krefst gagnstefnandi greiðslu fyrir 718 klst. á kr. 500 með 7% orlofi, eða samtals kr. 284.130.

Pá kveðst gagnstefnandi oft hafa þurft að vinna við hreinsun frárennslis frá símstöðinni, sem hafi stíflast nær mánaðarlega, og ógerlegt hafi verið að fá menn til þessarar vinnu.

Krefst gagnstefnandi greiðslu fyrir 128 klst. á kr. 500 með 7% orlofi, eða samtals kr. 68.480.

Loks kveðst gagnstefnandi hafa lakkað hurðir og glugga í póst- og símstöðinni á Reyðarfirði í ágústmánuði 1974 samkvæmt beiðni bygingarfulltrúa Pósts- og síma og krefst greiðslu fyrir 16 klst. á kr. 420 með 7% orlofi, eða samtals 7.280.

Gagnstefndi hefur mótmælt þessum kröfufliðum og lagt fram bréf aðalendurskoðanda Pósts og síma, dags. 18. maí 1978, þar sem fram kemur, að gagnstefnandi hefur á árunum 1970 til 1974 og fram eftir ári 1975 fengið greidda umsamda aukavinnu, 15 klst á mánuði, sem svara hafi átt til óvissrar aukavinnu, sem stöðvarstjóri þyrfti að vinna.

Ekki verður séð, að gagnstefnandi hafi hreyft þessum kröfum sínum fyrr en hér í málinu, og eru þær ekki studdar viðhlítandi gögnum. Ber að sýkna gagnstefnda af þeim.

Um 4. Gagnstefnandi heldur því fram, að póst- og símamálstjóri hafi á sínum tíma óskað eftir því, að hann, gagnstefnandi, byggji í eigin húsnæði og kæmi greiðsla fyrir, allt að kr. 10.000 á mánuði. Krefst hann greiðslu fyrir 69 mánuði árin 1967 til 1973, kr. 10.000 hvern mánuð, eða samtals kr. 690.000.

Gagnstefndi hefur mótmælt kröfufliðnum.

Krafa gagnstefnanda er einungis reist á staðhæfingu hans sjálfs og verður ekki tekin til greina gegn mótmælum gagnstefnda.

Samkvæmt framangreindu verða úrslit gagnsakar þau, að gagnstefndi skal sýkn af kröfum gagnstefnanda, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Framangreind lögaldsgerð, dags. 8. nóvember 1977, er úr gildi felld.

Aðalstefndi, Arnþór Þórólfsson, skal vera sýkn af kröfum aðalstefnanda, Póst- og símamálastofnunar.

Gagnstefndi, Póst- og símamálastofnun, skal vera sýkn af kröfum gagnstefnanda, Arnþórs Þórólfssonar.

Málskostnaður í báðum sökum fellur niður.

Löghaldsgerð fógetaréttar Suður-Múlasýslu 8. nóvember 1977.

Ár 1977, þriðjudaginn 8. nóvember, var fógetaréttur Suður-Múlasýslu háður að Heiðarvegi 1, Reyðarfirði, og haldinn þar af Boga Nilssyni sýslumanni með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Að framkvæma löghald í eignum Arnþórs Þórólfssonar að kröfu Póst- og símamálastofnunarinnar.

Fyrir gerðarbeiðanda sækir þing Guðmundur Markússon héraðsdómslögmaður og leggur fram:

Nr.1 beiðni um löghald.

Nr.2 Skýrslu Engilberts Sigurðssonar til póst- og símamálastjóra, dags. 30. júlí 1975, ásamt fylgiskjali (myndrit).

Nr. 3 Skýrslu sama, dags. 27. febrúar 1976.

Skjölín eru svohljóðandi:

Gerðarþoli er sjálfur mættur. Fógeti kynnir honum kröfuna og framlögð skjöl jafnframt því sem hann gætir leiðbeiningarskyldu.

Gerðarþoli kveðst mótmæla fjárkröfunni sem slíkri, en ekki framgangi gerðarinnar.

Fógeti ákveður, að gerðarbeiðandi skuli leggja fram tryggingu, kr. 85.000, vegna hugsanlegs tjóns gerðarþola af framgangi gerðarinnar.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda reiðir fram trygginguna, kr. 85.000.

Gerðarþoli bendir nú á til löghalds og tryggingar kröfum þeim, sem lýst er í gerðarbeiðni dskj. nr. 1, fasteignina Heiðarveg 1, Reyðarfirði, sem er þinglesin eign gerðarþola.

Lýsti fógeti því yfir, að löghald væri lagt á téða eign til tryggingar framangreindum kröfum að geymdum betri rétti þriðja manns.

Brýndi fógeti fyrir gerðarþola, að ekki mætti ráðstafa eigninni í bága við löghaldið að viðlagðri ábyrgð að lögum.
